

1. S. 1.

Kappsund

um sundbikar Íslands fer fram sunnudaginn 13. ágúst næstk. Þeir sem keppa vilja sendi skriflega umsókn til Ólafs Gíslasonar verzlunarmanns í Liverpool fyrir 5. ágúst.

Stjórn U. M. F. R.

getgátu, að þótt almenningur hefði reynst tiltölulega fús til framlaga til þess að koma félaginu á fót, gæti það að borið, að menn yrðu tregari nú um stund og teldu þessu félagi hafa verið og vera fært að græða eins og öðrum, þegar segja má, að í löfa sé það lagið öllum ufuskipafélögum. Ætli þetta sé úr lausu lofti grip- id? — Við þessu, þ. e. ef félagið þyrfti fjár, sem ekki fengist með hlutasöfnun, hafa menn jafnvel viljað slá þann varnagla, að lands- sjóður (þingið) yrði þá að hlaupa undir bagga, því að félagið væri einskonar »þjóðstofnun«. En bæði er nú það, að þótt félag þetta sé í alla stadi þjóðlegt og þjóðþrifa- fyrirtæki, þá er það þó ekki þjóðfélagseign. Það er að því leyti óhjákvæmilega með sama marki brent og önnur hlutafélög, að það á og verður að bera og efla sig sjálft, nema óumflýjanleg neyð hindri. Og hins vegar ber ekki að gera ráð fyrir alt of miklu órlæti í þessum efnun hjá þinginu, fram yfir það, sem nú er félaginu í té látið (næsta fjár- hagstímabil er nú heldur ekki fyr en 1918 og 1919).

Það er eins og sumum hætti til að skoða þetta félag sem eins konar líknarstofnun handa ósjálf- bjarga aumingjum, en svo ber ekki að lita á. Það er stofnað með aðstoð einstaklinga og þjóð- arheildar til þess að verða hjál- parhella frjálsra og framgjarnna manna, til viðskiftasjálfsæðis og velmegunar. En því að eins getur það rækt þessa köllun sína, að það sé og verði fært í allan sjó.

Á þessum tímum er hlutverk Eimskipafélags Íslands áreið- anlega fyrst og fremst að halda uppi sem greiðustum samgöngum til landsins og frá því. Því að það er oss mest áriðandi.

Og nú hefir verið um hrið og á að vera enn tækifæri til þess að styrkja stofninn og auka vöxtinn — þrátt fyrir aðra óáran tímans — með því að láta félagið ekki að eins halda við, heldur græða og græða mikið, án þess það komi tilfinnanlega niður á nokkrum manni.

Eins og það er vonandi, að slík ósköp, sem nú geysa úti í heiminum, dýnji aldrei aftur á, eins er það vist, að það tækifæri, sem af þessum sökum hefir gefist hlutlausum þjóðum til þess að afta sér fjár í rikum mæli, kemur aldrei aftur.

En andstremmið kemur á öll- um tímum. Og þá ekki síst að afstöðnum þjóða-ófríði eða því um líku heimsbóli. Er því sá einn kostur góður, að vera undir það búinn. Fyrir það fær enginn ámæli sinna eftirkomenda.

Læt eg svo útrætt um þetta mál, nema sérstakt tilefni verði til.

G. Sv.

Samkomulagið við Breta

Einhverjum misskilningi hefir bó- að á hér í bæ um samkomulagið, sem gert hefir verið við Breta um sölu íslenskra afurða. Um það mál er grein í blaðinu Vísi í gær, sem Ísafold leyfir sér að taka upp. Grein- in er svolátandi:

Þess hefir orðið vart, að margir leggja rangan skilning í samkomu- lag það, um viðskifti vor við Breta, sem skýrt hefir verið frá í blöðun- um og alkunngt var orðið að í aðsigi var.

Landstjórnin hefir ekki gert bind- andi samning um neitt annað en að skylda skip, sem héðan fara með farm til útlanda, til að koma við í brezkri höfn í leiðinni til ákvörð- unarstaðar síns. — Gegn þessari skuldbindingu lofar brezka stjórnin að hindra ekki vöruflutning til annara landa en þeirra er ligeja að Norð- ursjó og Eystasalti, og lofar einnig að hindra ekki flutning á þeim af- urðum landsins til Danmerkur, sem notaðar verða þar í landi.

Það er ekki á neinn hátt samþ. af ísl. stjórninni, að Bretar hindri vöruflutning til Norðurlanda. Og því síður er þess heitið, fyrir lands- manna hönd, að engar afurðir verði seldar til þessara landa, eða Bretum gefinn forkaupsréttur á nokkrum af- urðum landsins. Mönnum er því eftir sem áður frjálst að selja vör- urnar hverjum sem hafa vill, en eftir sem áður eiga kaupandi og seljandi það á hættu, að þær vörur, sem seld- ar eru og flytjast eiga til Norður- landa og Hollands verði stöðvaðar í Bretlandi.

Því fer því mjög fjarri að lands- menn, eins og menn virðast halda, séu nokkru v er settir vegna þessa samkomulags. — Að Bretar stöðv- uðu flutningana að og frá landinu, áttu menn og eiga að þessu leyti enn á hættu. En öllum er frjálst að selja afurðir sínar á opnum markaði.

En ef Bretar banna flutning á afurðum vorum til þessara landa, sem um er að ræða, þá eru fram- leiðendur að því leyti betur settir hér eftir, að brezka stjórnin hefir skuldbundið sig til að kaupa þær vörur, sem þess vegna yrði ekki unt að fá markað fyrir annarsstaðar, fyrir ákveðið verð. — En engan for- kaupsrétt eiga þeir á þeim, hvorki fyrir þetta ákveðna verð eða neitt annað.

Enn hafa Bretar ekki bannað flutu- ing á afurðum vorum til nokkurs lands, og geta menn því þess vegna selt þær hverjum sem hafa vill, fyrir hvaða verð sem vera skal. En viss- ast er að selja þær á höfn hér.

En auk þess hefir það unnist við þetta samkomulag, að Bretar hafa skuldbundið sig til að sjá um, að vér getum fengið allar nauðsynjavör- ur fluttar til landsins.

Það er því enginn efi á því, að samningar þessir eru oss afar mikils virði, og þeir eiga miklar þakkir skyldar, sem komið hafa þessu í kring.

Reykjavíkur-annáll.

Skipafregn:

Ísland fór héðan vestur og norð- ur um land á leið til útlanda á mið- vikudag. Mesti aragrúf farþega, svo að hvert rúm var ekiþað. Margt manna, sem verið hefir í kynnisfór í höfuðstaðnum, hvarf heim aftur, svo sem Guðm. Thoroddsen lækni, Júlíus Havsteen yfirdómslögmaður með frú

sinni, Sigr. Einarsson þjárfógetafrú frá Akureyri, Karl Nikulásson for- stjóri frá Akureyri, frú Schiöth frá Akureyri ásamt dóttur sinni.

Af Reykvikungum tóku sér fari m. a. frú Theódóra Thoroddsen (til Húsa- vikur), jungfr. Ragna Stephensen, Skúli Thoroddsen cand. jur. o. m. fl.

Til útlanda fóru m. a. Ólafur Þor- steinsson lækni með frú sinni, Sigfús Einarsson organisti, Jón Brynjólfsson kaupm., Helgi Hjörvar kennari, frú Guðmundsson o. fl. o. fl.

Ceres fór kringum land á fimtudag. Meðal farþega héðan: Ingólfur Gísla- son Vopnfirðingalækni og Sighvatur Grímsson Borgfirðingur, fræðimaður frá Höfða.

Skálholt fór héðan í gær áleiðis til Leith.

Hólar eru væntanlegir hingað á morgun eða svo með kolafarm til Sam- einafélagsins.

Tjaldur fer frá Kaupmannahöfn 4. þ. m. Með honum koma Einar Arn- órsson ráðherra, Ól. Johnson konsull o. fl.

25 ára stúdentsafmæli héldu ýms- ir stúdenta frá 1891 hátíðlegt nú fyrir skömmu. Í þeim hóp voru m. a. Dr. Helgi Þjeturss, Magnús Ein- arsson dýralækni, Guðm. Sveinbjörn- son skrifstofustjóri, Jens B. Waage bankabókari, Karl Nikulásson forstjóri, Magnús Þorsteinsson prestur, Björn Björnsson prestur.

Hjúskapur: Ólafur Þorsteinsson lækni og jungfr. Kristín Guðmunds- dóttir (Einarssonar frá Hraunum). Ný- giftu hjónin fóru með Íslandi brúð- kaupserð til Norðurlanda.

Sigfús Einarsson tónskáld brá sér utan með Íslandi. Hygst hann að dvelja sumarlangt víða um Norður- lönd og kynna sér nýjustu framfarir á sönglistar og söngstjórnarsviði. — Pétur Lárusson gegnir organistastörf- um hans á meðan.

Brezkir ferðamenn tveir komu hingað með Íslandi. Annar, mr. Bell er eigi nýr gestur hér, heldur gamall laxveiðimaður við ýmsar ár hér. Hin, roskinn maður, Mac Kelvey að nafni, fór á fimtudag austur í sveitir til að skoða sig um. Fylgdarmaður hans er Stefán Stefánsson.

Brezku viðskiftasamningarnir. Kaupmannaráðið hefir, eins og getið var í skýrslu stjórnarráðsins í síðasta blaði, opnað skrifstofu hér í bænum, er veitir alla vitneskju um viðskifta- samningana við Bretland. Skrifstofu- stjóri er hr. Carl Proppé.

Betur að þessi skrifstofa kaupmanna- stéttarinnar yrði fyrsti visir sameigin- legs samkomustaðar kaupmanna, sem af gæti sprottið á sínum tíma: íslensk kauphöll.

Nú verður að læra betur. Nú er enginn sjálmaður á landinu sem heitir Ari Jónsson. Nei — heldur Ari Arn- alds. Nú er ekkert skáld lengur til sem heitir Einar Hjörleifsson — heldur Einar Kvaran. Nú er enginn kenn- ari, sem heitir Helgi Salómonsson — heldur Helgi Hjörvar og enginn ífróttamaður sem heitir Magnús Tóms- on — heldur Magnús Kjaran.

A því herrans ári 1916 urðu mis- lingasótt og óttarnafnapest landlög á Íslandi!

Syaodus hefst á sunnudaginn kl. 12 á hádeg. Sira Árni próf. Björns- on prédikar í dómkirkjunni. Engin síðdegismessa.

Messað á morgun í Fríkirkjunni í Hafnarfirði kl. 12 á háð. (sr. Ól. Ól.) og í Fríkirkjunni í Rvík kl. 5 síð. (sr. Ól. Ól.)

Svar frá Guðm. Hannessyni pró- fessor til Indriða Einarssonar skrif- stofustjóra kemur í næsta blaði.

Hallærisvörn.

Út af umræðum, sem orðið hafa um hallærisvarnamálið nú fyrir skömmu í blöðunum »Lögréttu« og »Ísafold«, langar mig til að koma með svolitla ádrepu.

Eg lit svo á, að aðalorsakir til hallæris og fénaðarvanhalds séu tvær:

1. Langvinn harðirði, einkum seinni part vetrar og fram eftir vori.

2. Of létt og óhólt fóður, bæði hey og vetrarbeit.

Úr þeim meinum, sem stafa af þessu tvennu er lögum um fóður- forðæfirlit og fénaðarskoðanir og lögum um korn og heyfórðabúr ætlað að bæta. En að þær ráðstaf- anir séu ekki fullnægjandi, á það virðist margt benda. Til þess munu liggja margar orsakir, sem ekki er rúm eða tími til að telja upp hér. Eg læt mér nægja að benda á, að í öll þessi lög virðist vanta hagkvæm ákvæði til að draga úr fénaðarvanhöldum, sem stafa af óhollu fóðri og óhollri beit. Það er þetta atriði, sem eg vil taka til ofurlitillar íhugunar, ef ske kynni, að það gæti komið að einhverju líði til að bæta úr þessum að minni viti allra alvarlegustu vandræðum sveita- búskaparins.

Þegar hey eru létt og ódrjúg, hrakin eða skemd á annan hátt, og því óholl til fóðurs, mun það undan- tekningarliðið stafa af því, að í þau vantar ýms aumelt efni og sólt. Sama má segja um léttu og að því er virðist óholla haga.

Það er fyrir nokkru fundin mjög handhæg, og í vanalegu árfæri ódýr ráð, til að bæta úr þessu, sem sé saltgjöf, og það, að láta lýsi í léttu eða skemda heyið, — þá verður það að hollu og drjúgu fóðri — en gefur lýsisvættu, góða heytuggu með léttu og þar af leiðandi óhollri út- beitina miklu meira, og sjá allir hvað mikil fóðurdrygindi eru að því.

Eg tel óþarft að fara fleiri orðum um kosti lýsisins sem fóðurbætis, þeir munu kunnir víða um land, því víða í sveitum er sagt, að það sé notað, og allir hrósa því fyrir holl- ustu og fóðurauka. Einnig hefir nokkuð verið um það ritað, bæði í búnaðarblaði »Frey«, Búnaðarritið og víðar.

Sveitabændum — einkum í þeim sveitum, þar sem engin veiðistöð er — mun allerfitt að afa sér lýsi til fóðurbætis, enda þótt lýsið sé ein af afurðum sjávarútvegsins og flutt út úr landinu í tugum ef ekki hund- urðum þúsunda tunna. En eftir því sem eg best veit, er lýsi hvergi, eða þá mjög óvíða, haft á boðstólum til innanlandsþarfa.

Á þessu hygg eg að bryn þörf sé að ráða bót, ef unt er. Og þörfin er ennþá meiri af því hvað alt lýsi er í afarháu verði, svo mjög er hætt við að bændur séu nú afhuga að afa sér þess, þó þeir hafi annars verið farnir að nota það. En gæta verða menn þess, að bústofninn hefir líka hækkað í verði.

Mér þykir ekki ólíklegt, að vel- ferðarnefndin með hjálp og í sam- ráði við sýslunefndir, gæti náð í vitneskju úr sveitunum víðast hvar um landið, um hvað mikið bændur óskuðu að fá keypt af lýsi til fóð- urbætis á næstkomandi hausti og vetri, og þessa vitneskju gæti nefnd- in að líkindum fengið svo snemma, að tími yrði til innkaupa-ráðstafana og sendingarástafana á verzlunar- staðina í kring um landið, í haust eða framan af vetrinum. Þetta

mundi eg telja mjög heppilega aðferð, eins og nú stendur á, því jafnvel þó málið strandaði að lokum í þetta sinn, af einhverjum ástæðum, þá mundi sú hreyfing sem kæm- ist á það í öllum sveitum landsins, eflaust flyta mjög fyrir almennt notkun lýsisins sem fóðurbætis. Einnig gæti ef til vill komið til mála að greiða á líkan hátt fyrir útvegum á saltaðri síld og síldarmjöli til fóð- urbætis. Hvorttveggja hefi eg heyrt að ýmsum mönnum hafi reynst vel, einkum síld, til að gefa með útbeit, og um síldarmjölið hefi eg heyrt að svo hafi reynst við fóðurtílaunirnar sem gerðar hafa verið í Síðumúla undanfarna vetur voru best fram- gengnar að vorinu þær ærnar sem síldarmjölið fengu.

— Þó velferðarnefndin hafi þegar gert eða áformað að gera einhverjar slíkar ráðstafanir þá væri það til að styðja mál mitt um þörfina á að greiða fyrir útvegum og aðdráttum sveitabænda á þessum fóðurbætis- efnum, sem eg tel fyrstu og sjálf- sögðustu bjargráð sveitabúskaparins.

24. júní 1916

Guttormur Jónsson.

Nýir stúdentar.

Í gær útskrifuðust 24 stúdentar frá Mentaskólanum.

Nöfn þeirra og einkunnir eru á þessa leið:

	Stig	Meðal- eink.
Anna Bjarnadóttir	88	6,77
Ágúst Olgeirsson	69	5,31
Arni Pálsson	69	5,31
Arsæll Gunnarsson	53	4,08
Brynj. Stefánsson	83	6,38
Egill Jónsson	62	4,77
Fríðrik Fríðriksson	65	5,00
Helgi Jónsson	52	4,00
Jófríður Zöega	72	5,54
Kristín Ólafsdóttir	61	4,69
Lárus Jónsson	59	4,54
Lúðvik Nordal	60	4,62
Magnús Guðmundsson	65	5,00
Ólaf Jónsdóttir	63	4,85
Sigurður Jónsson	60	4,62
Stanley Guðmundsson	58	4,46
Steingr. Guðmundsson	57	4,38
Svanlaug Arnason	67	5,15
Sveinbjörn Blöndal	65	5,00
Valtýr Blöndal	63	4,85
Þórhallur Sigtryggsson	60	4,62
Þorkell Gíslason	60	4,62

Utanskóla:

Árni Sigurðsson	68	5,23
Helgi Ingvarsson	65	5,00

2 skólasveinar og 2 utanskóla- sveinar veiktust í prófinu af misling- um, þeir ljúka við próf í næstu viku. 2 aðrir utanskólasveinar hafa enn eigi lokið prófi, og einn stöðst eigi prófið.

Það er nýstárlegt við þetta próf, að við það hefir gefin verið hæsta einkunn, sem fyrir hefir komið sam- kvæmt hinni nýju reglugerð og að þá einkunn hlaut *kvénstúdent* jungfrú Anna Bjarnadóttir (Sæmundssonar adjunkts).

Hún sýnir sig víða framsókn kvenna — samfara réttinda jafn- ræðinu.

Eftirmæli.

Þann 12. nóvember s. l. andaðist að heimili sínu, Skeljabrekku í Borgar- fjarðarsýslu, bændaldungurinn Jóhann Bergþórsson, 84 ára gamall, sonur Bergþórs bónda í Ardal og á Staðar- bóli, Gunnlaugssonar bónda í Voga-